

Hverfisráðsfundur nr. 1- 2023

Víkingavatni

26. janúar 2023

Fundur settur 17:10

Berglind Ýr Ingvarsdóttir, Charlotta Englund, Jónas Þór Viðarsson, Guðríður Baldvinsdóttir og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir.

1. Snjómokstur

Aðeins rætt um vetrarþjónustu á þjóðvegi 85 og afleggjurum á svæðinu. Þá var sérstaklega rætt um vegkaflann frá þjóðvegi 85 að Lóni, Rifós og Fjallaafleggjaranum en það er óljóst á ábyrgð hvers snjómoksturinn er. Í ljósi þess að hann er með bundnu slitlagi er vissulega skilvirkara að hann sé þjónustaður af Vegagerðinni frekari en með snjóblásara. Atvinnu- og samfélagsfulltrúa falið að kanna það mál.

2. Refa og minkaveiðar

Nú er búið að samþykkja breytingar á því að það er ekki lengur greitt fyrir grenjavinnslu og vorleit minka, einungis verður greitt fyrir skottin á árinu. Þrýsta á að þessu verði breytt aftur því þetta mun hafa neikvæðar afleiðingar. Atvinnu- og samfélagsfulltrúi mun senda erindi ásamt því að kanna hvernig þessu er háttað í nærliggjandi sveitarfélögum.

3. Skúlagarður

Formaður Skúlagarður-fasteignafélags, *Katrín Sigurjónsdóttir*, sveitarstjóri Norðurþings kom inn á fundinn undir þessum lið.

Söllumál

Katrín greindi frá því að búið er að hafna tveimur tilboðum. Stjórn félagsins leggur ríka áherslu á trúverðugleika tilboðsgjafa. Þá er og verður áfram lögð mikil áhersla á að selja eignina í ljósi þess að félagið er árlega rekið með tapi og búið er að lána talsvert árlega úr sveitarsjóði til að brúa bilið. Þessa stundina er eignin í útleigu um óákveðinn tíma.

Þorablót í húsinu

Þá var umsögn Byggðarráðs varðandi tækifærisleyfi fyrir þorablót Keldhverfinga þann 28. jan n.k. rædd en þá gaf sveitarfélagið neikvæða umsögn um 16 ára aldurstakmark. Löng hefð er fyrir því að einstaklingar á 16. aldursári fái að fara á þorablót í fylgd með foreldrum/forráðamönnum og þá hefur þetta í raun verið lokuð boðssamkoma og ballið ekki opið almenningi. Ekkert er um að ungmenni komi án þess að vera í fylgd með fullorðnum.

Félagsheimilið skúlagarður

Félagið Félagsheimilið Skúlagarður á upp undir 1. m.kr í sjóði, fyrir liggur að félagið verði afskráð en frestur er til 8. febrúar að bregðast við til að ná þessum fjármunum. Sveitarstjóri mun fylgja þessu máli eftir.

4. Íbúafundur

Stefnt er að íbúafundi þann 7. mars klukkan 20 og verður nánar auglýst síðar. Ráðið hvetur kjörna fulltrúa sem og starfsmenn sveitarfélagsins til þess að mæta á fundinn.

5. Önnur mál

Viðhald veggirðinga

Aðeins óljóst hvaða ábyrgð sveitarfélagið ber varðandi viðhald veggirðinga, stefnt að því að ræða þetta mál á íbúafundi og mögulega fá ítarlegri kynningu á þessu þar.

Dettifossvegurinn

Hverfisráð Kelduhverfis hvetur Vegagerðina til þess að halda honum opnum á ársgrundvelli.

Sorpmál

Komin er ný reglugerð um sorpmál. Nauðsynlegt að fá kynningu á hvernig sveitarfélagið hyggst innleiða þær breytingar sem hafa verið gerðar.

Aðgengi að ruslplönunum í Kelduhverfi er ábótavant og aðkallandi að gera úrbætur. Atvinnu- og samfélagsfulltrúa falið að senda erindi til Skipulags- og framkvæmdaráðs.

Fundi slitið 19:15